



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbautaskóli Suðurlands

ALYL3FV06 – Almenn ylræktun

Kennari: Bryndís Björk Reynisdóttir (bryndisbjork@fsu.is)

Kennsluáætlun vorið 2025

Vika	Dags.	Tími	Efni	Verkefni
1	7.1.2025	9:00 – 15:45	Lotuvika. Kynning á áfanga. Upprifjun á efni úr Uppbyggingu og skipulagi garðyrkjustöðva. Vettvangsferð í gróðurhús á Reykjum	Skýrsla úr lotuviku 5%
2	16.1.2025	9:00 – 14:10	Loftslagstýring og búnaður	
3	23.1.2025	9:00 – 14:10	Hitastig	
4	30.1.2025	9:00 – 14:10	Loftraki	
5	4.2.2025	9:00 – 15:45	Lotuvika – heimsóknir í garðyrkjustöðvar	Skýrsla úr lotuviku 5%
6	13.2.2025	9:00 – 14:10	Ljós og birta	
7	20.2.2025	9:00 – 14:10	Rótarbeð	
8	27.2.2025	9:00 – 14:10	Led lýsing og raflýsing	
9	4.3.2025	9:00 – 15:45	Lotuvika	Skýrsla úr lotuviku 5%
10	12.3.2025	9:00 – 14:10	(Mín framtíð, Laugardalshöll)	
11	20.3.2025	9:00 – 12:00	CO2 og loftsamsetning í gróðurhúsum	
12	27.3.2025	9:00 – 12:00	Streitubættir í plöntum	
13	1.4.2025	12:45 – 15:45	Plöntuhormón og vaxtartregðuefni	
14	10.4.2025	9:00 – 14:10	Upprifjun fyrir próf	Ritgerð skilað 25%



Garðyrkjuskólinn Reykjum



Fjölbrautaskóli Suðurlands

15			Páskafrí	
16			Engin kennsla	
17	30.4.2025	9:00 – 12:00	Próf	

Athugið að kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Kennslubækur

Almenn ylræktun – samantekið efni eftir Guðrúnu Helgu Guðbjörnsdóttur,

garðyrkjusérfræðing

Annað efni frá kennara.

Skipulag námskeiðs

Kennsla fer fram með fyrirlestrum, verklegum æfingum og heimaverkefnum.

Fyrirlestrar: Fyrirlestrar kennara (glærupakkar) verða settir inn í kennslukerfi skólans, Innu, undir heiti áfangans. Kennari prentar **ekki** glærupakkana út þannig að þeir nemendur sem vilja hafa útprentað efni verða að gera það sjálfir.

Verklegar æfingar: Verklegar æfingar verða í lotuvikum fyrir alla nemendur námskeiðsins (bæði staðar- og fjarnema). Athugið að mætingaskylda er hjá öllum nemendum í verklegar æfingar í lotuvikum. Nemendur skila skýrslu úr verklegum æfingum í lotuvikum (þrjár skýrslur, gilda 5% hver).

Ritgerð: Nemendur skila verkefni um búnað við ræktun sem kennari velur, gildir 25% í lokaeinkunn.

Upptökur og streymi: Fyrirlestrar verða teknir upp í kennslustundum og aðgengilegir fjarnemum, auk þess sem þeim verður streymt í rauntíma.



Garðyrkjuskólinn Reykjum

Námsmat



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Skýrslur og ritgerð gilda 40% í lokaeinkunn.

Skriflegt lokapróf gildir 60% í lokaeinkunn. Lágmarkseinkunn á prófi er 4,5.

Áfangalýsing

Áfangi	Einingar	Hæfniprep
ALYL3FV06 – Almenn ylræktun	6 fein	
Lýsing Fjallað er um loftslagsþætti og samspil þeirra í framleiðslu plantna og afurða þeirra og hvernig hægt er að nýta sér þessar upplýsingar við ræktun í gróðurhúsum. Áhersla er lögð á birtu og vaxtarlýsingu, stýringu á hita, raka og loftsamsetningu, hvernig þessir þættir eru notaðir til að stýra vexti og viðgangi plantna. Fjallað er um stjórnþætti til loftslagsstýringar, vökvunar og áburðargjafar, hringrásarkerfi eru kynnt og að lágmarki eitt slíkt kerfi er skoðað. Auk þess er fjallað rótarbeðsefni, íblöndunarefni, ílát til ræktunar og vaxtarstýringarefni. Fjallað er um hvernig draga megna úr ágangi meindýra, sjúkdóma og illgresis með þrifum og sótthreinsun gróðurhúsa, íláta og jarðvegs. Tæknimál fagsins verður tíundað á ensku og einu Norðurlandamáli.		
Forkröfur PLEF3FV05 (Plöntulífeðlisfræði)		
Þekkingarviðmið Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: - Loftslagsþáttum og áhrifum þeirra á ræktunarplöntur innan húss og utan. - Birtu, birtukröfum plantna, ljósmælingum og vaxtarlýsingu í gróðurhúsum. - Stýringu hitastigs í gróðurhúsum. - Rakamælingum og rakastýringu í gróðurhúsum.	Hæfniviðmið Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: - Gera sér grein fyrir grundvallaratriðum ræktunar í gróðurhúsum ...sem er metið með... Gera sér grein fyrir grundvallaratriðum ræktunar í gróðurhúsum - Meta þörf og stýra loftslagsþáttum og vaxtarlýsingu við innanhússræktun með tilliti til mismunandi ræktunar og út frá	



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbautaskóli Suðurlands

• Stjórnækjum til loftslagsstýringar. • Mismunandi tækni til vökvunar og áburðargjafar. • Hringrásarkerfum. • Mismunandi rótarbeðsefnum og ílátum til ræktunar í gróðurhúsum. • Mikilvægi hreinlætis við plöntuframleiðslu. • Tæknimáli greinarinnar á íslensku og að minnsta kosti einu öðru tungumáli.	þeim tæknibúnaði sem er til staðar ...sem er metið með... rökstuðningi og vinnuframlagi. • Meta og framkvæma vökvun og áburðargjöf með tilliti til þarfa plantnanna, loftslags og umhverfis ...sem er metið með... vinnuframlagi og rökstuðningi. • Velja ílát og rótarbeðsefni sem henta hverju sinni, með hagkvæmni að leiðarljósi ...sem er metið með... rökstuðningi og kynningu. • Lesa sér til gagns faggreinar í garðyrkjuframleiðslu á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli ...sem er metið með... frásögn og rökræðum.
Leikniviðmið Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • Stýra loftslagi í ræktun með viðeigandi stjórnækjum. • Stýra vaxtarlýsingu í gróðurhúsum. • Nýta sér mismunandi aðferðir til vökvunar og áburðargjafar. • Meta rótarbeðsefni og ílát sem henta framleiðslunni. • Þrifa og sótthreinsa ílát og framleiðslusvæði. • Beita fyrir sig tæknimáli garðyrkjunnar í ræðu og riti.	
Námsmat Einkunn fyrir verkefni og kynningar nemenda, skriflegt próf, einkunn fyrir frammistöðu í verklegum æfingum.	
Leiðbeiningar og athugasemdir (fyrir aðra kennara)	
Tenging við grunnþætti Læsi: Heilbrigði og velferð: Jafnrétti:	



Garðyrkjakólinn Reykjavík



Fjölbrotaskóli Suðurlands

Sköpun:

Dags.: 20.9.2013

Höfundar: Guðrún Helga Guðbjörnsdóttir, Guðríður Helgadóttir